

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1998.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1998, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. maí 1998 með eindaga 1. júlí 1998 verða sem hér segir:

1.	<i>Röntgenskoðunartæki</i>	kr.
a.	Föst tæki - myndataka	12.500
b.	Föst tæki - skygning	17.500
c.	Tölvusneiðmyndataeki	25.000
d.	Aukalampar	3.500
e.	Færanleg tæki - myndataka	10.000
f.	Færanleg tæki - skygning	13.000
g.	Tannröntgentæki	7.500
h.	Tannröntgentæki - aukatæki	3.750
i.	Iónaðarröntgentæki	11.000
j.	Dýralækningaröntgentæki	11.000
2.	<i>Geislalækningatæki</i>	17.500
3.	<i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar</i>	15.000
4.	<i>Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað</i>	8.000
5.	<i>Önnur geislataeki.</i>	
a.	Nifteindataeki	30.000
b.	Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1.	Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.000
2.	Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.000
6.	<i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</i>	
a.	Filmumælingar, fyrir hverja filmu	400
b.	TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tæki sem „aukatæki“ enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. mars 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Dagný Brynjólfsdóttir.